



Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Norðurþing – Urðunarstaður við Kópasker

Grein 1.2

Magnheimild og úrgangsflokkar eru í samræmi við starfsleyfisumsókn, deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum. Samtals er heimilt að taka á móti allt að 600 tonnum af almennum úrgangi, þar af urða allt að 500 tonn og meðhöndla allt að 100 tonn af brotamálmum. Gerð er krafa um að rekstraraðili haldi urðun innan við 10 tonn á sólarhring til að falla í 2. eftirlitsflokk, í stað 1. flokks.

Þar sem umsækjandi sótti um undanþágur vegna afskekktar byggðar, og lagði fram viðeigandi rökstuðning, þá er einungis veitt heimild til að urða úrgang frá þeirri afskekktu byggð sem umsóknin fjallaði um, þ.e. Kópaskeri, Raufarhöfn og dreifbýli í nágrenni þeirra.

Veitt er heimild til geymslu allt að 50 tona af brotamálmi hverju sinni. Það þýðir að flytja þarf málm af svæðinu u.þ.b. tvisvar á ári.

Grein 3.1

Ákvæði eru í samræmi við mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í starfsleyfisumsókn. Í mati á umhverfisáhrifum var einnig fjallað um nauðsyn fokvarna.

Grein 3.2

Ákvæði 1. mgr. eru til að koma í veg fyrir að vatn sitji í botni urðunarreina, þannig að úrgangur liggja ekki í vatni.

Í mati á umhverfisáhrifum var fjallað um möguleikann á að sprungur, sem myndast hefðu vegna jarðskorpuhreyfinga, gætu fundist á urðunarsvæðinu. Í niðurstöðu matsins er því gerð krafa um að ekki verði urðað í slíkar sprungur sem finnast.

Grein 5.2

Mælingaáætlun er í samræmi við starfsleyfisumsókn, þ.e. mælingar í þremur grunnvatnsbrunnum og í Snartarstaðalæk. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn. Í mati á umhverfisáhrifum var gerð krafa um mælingar í grunnvatni. Undanþága frá ákvæðum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu er veitt í grein 3.2 og munu grunnvatnsmælingar væntanlega leiða í ljós mengunarálag í gegnum botn og hliðar urðunarstaðarins. Misgengi liggur frá suðurenda urðunarstaðarins og að upptökum Snartarstaðalæks. Því er nauðsynlegt að fylgjast með mögulegri mengun í læknum. Mikilvægt er að taka sýni úr læknum eins ofarlega, þ.e. næst upptökum, og mögulegt er til að lágmarka áhrif frá landbúnaði á niðurstöður mælinga. Ekki er víst að mögulegt verði að mæla rennsli Snartarstaðalæks með nákvæmum hætti en þá er fullnægjandi að leggja sjónrænt mat á vatnsmagnið.

Undanþága frá sigvatnssöfnun er veitt í grein 3.3. Eðli málsins samkvæmt er því ekki gerð krafa um eftirlitsmælingar í sigvatni.

Grein 6

Móttaka á allt að 600 tonnum af almennum úrgangi á ári leiðir af sér eftirlitsflokk 2, sbr. 12. tl. fylgiskjals 1 við reglugerð nr. 785/1999.

Grein 7

Í umsókn kemur fram að gert er ráð fyrir rekstri urðunarstaðarins næstu 30 árin. Gildistími er því ákveðinn til 16 ára, skv. almennu viðmiði Umhverfisstofnunar um hámarksgildistíma starfsleyfa.